Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. apríl 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, 50. löggjafarþing 2019–2020. Þingskjal 1130 — 666. mál.

Leitað var sjónarmiða um frumvarpið hjá Félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Umsögn fræðasviðsins, sem undirbúin var af Sigurveigu H. Sigurðardóttur, dósent, fylgir.

Virðingarfyllst,
f.h. háskólarektors,

Pétur Ástvaldsson

Alþingi
Nefndasvið,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. apríl 2020.

Efni: Umsögn Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands um frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, 666. mál.

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Lögunum er ætlað að styrkja framfærslu aldraðra einstaklinga sem búsettir eru hér á landi og eiga engin eða takmörkuð lífeyrisréttindi í almannatryggingum vegna stuttrar búsetu hér á landi. Er þar einkum átt við aldraða erlenda ríkisborgara og íslenska ríkisborgara sem hafa dvalið langdvölum erlendis. Þessir hópar eru taldir vera í hvað mestri hættu á að lifa í fátækt og er því fagnað að nú skuli með lagasetningu lögð áhersla á að bæta hag þeirra.

Spyrja má hvort ekki væri rétt að heimila fullan ellilífeyri almannatrygginga í stað 90% eins og segir í frumvarpinu. Sama á við um heimilisuppbót sem greidd er þeim sem búa einir. Það myndi tryggja þessum hópum þá lágmarks framfærslu sem ætluð er öðrum eldri borgurum landsins.

Í frumvarpinu eru ítarlegar reglur um önnur réttindi, frítekjumark og áhrif annarra tekna á greiðslur viðbótarstuðnings. Þess þarf að gæta að þessar upphæðir fylgi breytingum á verðlagi.

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands vill sérstaklega gera athugasemd við síðustu málsgrein 2. greinar laganna, en þar stendur:

"Fjölskyldumeðlimir sem fengið hafa dvalarleyfi á Íslandi á grundvelli fjölskyldusameiningar falla ekki undir lögin hafi sá aðili sem óskað var sameiningar við hér á landi ábyrgst framfærslu þeirra. Sama á við hafi annar aðili sem deilir heimili með viðkomandi ábyrgst framfærslu hans".

Frá því að Framfærslulög frá 1947 voru numin úr gildi árið 1991 eru engin ákvæði í lögum hér á landi þess efnis að börn eða aðrir ættingar eigi að tryggja framfærslu aldraðra aðstandenda sinna. Það er því ekki við hæfi að ætlast til að fjölskyldur erlendra eldri borgara sjái þeim farborða um ókomin ár. Það rýrir einnig möguleika eldra fólks á að lifa sjálfstæðu lífi óháð framfærslu ættingja sinna. Í lögum um málefni aldraðra segir *"að við framkvæmd laganna skal þess gætt að aldraðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að sjálfsákvörðunarréttur þeirra sé virtur".* Þetta ákvæði á einnig við um aldraða erlenda ríkisborgara.

Virðingarfyllst,

f.h. Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands,

Sigurveig H. Sigurðardóttir, dósent.